

# Starfsleyfi

## Landsnet hf.

kt. 580804 - 2410

### Bygging háspennulínu 220/400 kV.

#### Lyklafellslína 1

Með vísun til ákvæða 70. gr. heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar og með vísun til 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis leyfi til lagningar háspennulínu frá Sandskeiði norðan Suðurlandsveggar að Hrauntungum sunnan Krýsuvíkurveggar. Samkomulag er milli heilbrigðisnefnda á höfuðborgarsvæðinu um útgáfu þessa starfsleyfis samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### Leyfið gildir til 31. október 2017

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt og þeim fyrirvörum sem fram koma í leyfinu.

#### Gildissvið og umfang

Leyfi tekur til mengunarvarna, þ.m.t. til verklags og tímasetningar framkvæmda við lagningu háspennulínu innan verndarsvæða vatnsbóla frá tengivirki á Sandskeiði í Mosfellsbæ og vestur fyrir Undirhlíðar í Hafnarfirði. Leyfið nær til gæða yfirborðsmeðhöndlunar háspennumastra, til vegabóta, til gerðar undirstaða og undirlags fyrir háspennumöstur til að minnka hættu á dreifingu mengunarefna s.s. olíuefna og þungmálma til grunnvatns á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

#### Umsókn um starfsleyfið

Fyrir liggur umsókn Landsnets hf. frá 20. janúar 2016 um starfsleyfi til framkvæmda á vatnsverndarsvæði. Fylgigögn með umsókninni eru:

- greinargerð Eflu frá nóvember 2015 er fylgdi umsókn,
- skýrsla Eflu. Áhættumat vegna vatnsverndar fyrir Sandskeiðslínu 1 og tengivirki við Sandskeið, 2.2.2017,
- minnisblað VSÓ ráðgjafar. Skipulag eftirlits með öryggis- og umhverfimalum við gerð Sandskeiðslínu 1, 18.5.2017.

Vísast til umsóknar ásamt greinargerðar og ofangreindra fylgi gagna eftir því sem við á vegna þessa starfsleyfis.

#### Umhverfismat

Framkvæmdum skal haga í samræmi við álit Skipulagsstofnunar frá 17. september 2009 sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

#### Línustæði

Sandskeiðslína 1 mun fylgja Búrfellslínu 3 á kaflanum frá fyrirhuguðu tengivirki við Sandskeið vestan Lyklafells að Stórhöfða í Hafnarfirði. Línan liggur að stórum hluta um fjarsvæði og grannsvæði vatnsverndar innan lögsagnarumdæma Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogsbæjar og Mosfellsbæjar.

## Umhverfisábyrgð

Starfsleyfishafi ber, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, ábyrgð á umhverfistjóni sem orðið getur við framkvæmd þessa. Ber honum að bregðast við allri yfirvofandi hættu á slíku tjóni og skal koma í veg fyrir eða bæta tjón ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

## Áhættumat

Leyfishaf skal með vísun til áhættumats leggja áherslu á mengunar- og slysavarnir í öllum verksamningum. Brugðist skal við áhættuþáttum sem fram koma í áhættumati með mótvægisáðgerðum sem mótaðar skulu í samráði við heilbrigðiseftirlit.

## Tímasetning framkvæmda

Framkvæmdir samkvæmt leyfi þessu er heimilaðar frá 1. apríl til 31. október 2017.

## Öryggi og samskipti

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á að framkvæmdin stofni ekki öryggi vatnsverndar á svæðinu í hættu.

Við grun um að öryggi vatnsverndar sé ógnað skal starfsleyfishafi þegar bregðast við með úrbótum.

Starfsleyfishafi skal kalla til heilbrigðiseftirlit ef upp koma ófyrirséð vandamál er tengjast framkvæmd starfsleyfis og snerta mengunarvarnir.

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður og bera ábyrgð á samskiptum við heilbrigðiseftirlitið á meðan á framkvæmdum stendur. Tryggt skal að ef þörf krefur geti eftirlitsaðili, á eða utan hefðbundins starfstíma, haft samband við fulltrúa leyfishafa.

Starfsleyfishafi skal hafa og kynna fyrir heilbrigðiseftirliti *öryggis- og viðbragðsáætlun* sem sniðin skal að þessu tiltekna verki. Í áætluninni skal einnig lýsa áformuðum viðbrögðum við mengunaráhöppum.

Verði framkvæmdum hætt, tímabundið eða varanlega, eða þær stöðvast óvænt skal gera ráðstafanir til þess að fjarlægja úrgang og búnað og ganga frá rekstrarsvæði á þann hátt að góðri ímynd vatnsverndarsvæðisins verði ekki ógnað. Útbúa skal neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar framkvæmdar.

Verði olúslys eða önnur mengunaráhöpp sem starfsmenn geta ekki þegar leyst skal kalla á aðstoð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í gegnum neyðarsímann 112. Halda skal hreinsunaraðgerðum áfram þar til ákvörðun um annað hefur verið tekin. Mengist jarðvegur skal hann þegar fluttur út af vatnsverndarsvæðinu til viðeigandi förgunar hjá Sorpu eða annan þann stað sem heilbrigðiseftirlitið samþykkir. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll mengunarslys.

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á að starfsmenn fyrirtækisins, undirverktakar og starfsmenn þeirra séu upplýstir um mengunarnaákvæði starfsleyfis og um samþykktu öryggis- og viðbragðsáætlun fyrir verkið.

## Mengunarvarnir vegna olíunotkunar

Olíuáfyllingar á bifreiðar og flutningatæki skulu fara fram utan vatnsverndarsvæðis. Þær skulu að jafnaði fara fram á viðurkenndum afgreiðslustöðum fyrir eldsneyti.

Í upphafi verktíma skulu liggja fyrir *verklýsingar* er varða m.a. framkvæmd olíuáfyllinga á gröfur og önnur tæki sem viðurkennt er að erfitt sé að flytja út af svæðinu til olíuáfyllinga.

Verði vart við leka á olíum eða glussum af tækjum skal þegar gera ráðstafanir til að lágmarka mengun. Viðgerðir til að bregðast við bráðamengun eru heimilaðar á svæðinu en biluð tæki skulu flutt til viðgerðar og skoðunar utan svæðis.

### **Tækjakostur og mengunarvarnir**

Við malarflutninga á grannsvæði skal notast við fjöggra öxla malaflutningabifreiðar (<11m<sup>3</sup> af jarðefnum) eða minni tæki. Eldsneyti á bifreiðar sem notaðar á grannsvæðis skal að hámarki vera 100 lítrar með vísun til áhættumats.

Meðan á framkvæmdum stendur skal leyfishafi halda skrá yfir þau tæki (t.d. gröfur, ýtur og malarflutningatæki), sem notuð eru eða áformað er að nota við verkið. Skrána á að uppfæra eftir þörfum. Þá skal leyfishafi leggja fram vottorð, frá aðila sem heilbrigðiseftirlitið samþykkir, er staðfestir að umrædd tæki hafi farið í lekaskoðun og staðist hana. Í tækjum skal vera afrit af niðurstöðum lekaskoðunar. Sama gildir um önnur þungavinnutæki, s.s. steypubifreiðar og krana sem koma að einstökum verkþáttum.

### **Vinnubúðir og aðstöðusköpun**

Heimilt er að koma fyrir færanlegum vinnuskúrum með kaffi- og ferða- /þurrsalernisaðstöðu á til þess frágengnum svæðum. Ítarlegar verklagsreglur um geymslu og flutning úrgangs skulu liggja fyrir.

Umfangsmeiri vinnubúðum, móttökuhúsum, skrifstofum og þess háttar aðstöðu skal valin staður utan grannsvæðis vatnsverndar.

### **Sorp og annar úrgangur**

Sorp og annan úrgang skal geyma í þar til gerðum ílátum og ber að flytja hann út af svæðinu til endurnýtingar eða förgunar eftir því sem við á. Leyfishafi skal sjá til þess að á framkvæmdasvæðinu safnist ekki upp úrgangur og hlutir heldur verði svæðið hreinsað og úrgangur fluttur í viðurkennda förgun. Brennsla á úrgangi er bönnuð.

### **Línuslóði og plön við möstur**

Akstur inn á svæðið milli Sandfells og suður fyrir Helgafell og vegbætur skulu einskorðaðar við núverandi línuslóða Búrfellslínu 3 og við gerð undirstaða fyrir háspennumöstur.

Virk umferðarstýring skal vera á verktíma.

Malarefni í vegagerð og plön við möstur skulu koma úr viðurkenndum malarnámum sem hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd. Hafa skal samráð við heilbrigðiseftirlit varðandi val á öðrum jarðefnum sem þarf að nota.

Slóðagerð og myndun efnishauga innan vatnsverndarsvæða skal haldið í lágmarki. Flutningatæki skulu að jafnaði ekki vistuð á vatnsverndarsvæðinu utan athafnatíma.

Tryggja ber að vegaslóði meðfram línustæðinu frá Sandfelli og suður fyrir Helgafell verði lokaður fyrir almennri umferð ökutækja á og utan framkvæmdatíma. Í lok verktíma skal þannig gengið frá aðkomu að slóða að óviðkomandi umferð ökutækja komist ekki inn á hann.

### **Háspennumöstur**

Starfsleyfishafi skal leggja fram lýsingu á áformaðri framkvæmd og efnisvali við yfirborðsmeðhöndlun háspennumastra og eftirliti með gæðum til að hindra dreifingu þungmálma á vatnsverndarsvæðinu. Hreinleiki sinkhúðunar skal vera í hæsta gæðaflokki, sem er sink framleitt með rafgreiningu (Elektrolytzink). Engu blýi eða öðrum þungmálmum skal bætt í framleiðsluferlið. Tryggja skal að kröfur um þungmálma séu uppfylltar með ákvæðum í útboðsgögnum fyrir framleiðslu mastra og með því að sannreyna gildi með mælingum áður en gengið er frá samningi við stálverksmiðju.

### **Úttektir og verklok**

Starfsleyfishafi skal kalla eftir úttekt heilbrigðiseftirlits í lok framkvæmdatímabils.

### **Innra eftirlit**

Viðhafa skal reglulegt og skráð eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum framkvæmdarinnar sem geta haft í för með sér hættu á jarðvegsmengun eða losun efna út í umhverfið. Halda skal skrá yfir tilvik sem hefðu getað leitt til mengunaróhapps sem og öll mengunaróhöpp og slys og viðbrögð við þeim. Starfsleyfishafi skal hafa eigin eftirlitsmenn á svæðinu sem sjá um virkt samráð við heilbrigðiseftirlit um tilhögun innra eftirlits.

### **Valdsvið og þvingunarúrræði**

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur heilbrigðisnefnd beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta. Heilbrigðisnefnd er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er nefndinni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik.

### **Eftirlit**

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis hefur eftirlit með starfseminni í samræmi við ákvæði 6. gr. a. og 13. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, IV. kafla reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, yfirferð gagna, úttektum á verkáætlunum, samskiptum og viðræðum við fulltrúa leyfihafa.

Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrði ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis  
Garðabær, 9. júní 2017



Guðmundur H. Einarsson